

Góðan daginn,

Hér með tilkynnist umsögn Vesturbyggðar vegna umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um öruggt farsímasamband á þjóðvegum, 46. mál.

Farsímasamband á þjóðvegum landsins er virkilega mikilvægur þáttur í öryggi vegfarenda. Það er mat íbúa Vesturbyggðar að farsímasamband á þjóðveginum frá Búðardal til Bíldudals er orðið óstöðugara en verið hefur. Það eru langri kaflar á leiðinni sem eru ekki með neinu farsímasambandi.

Farsímasamband á Raknadalshéiðinni (á hlíðinni inn Patreksfjörðinn) er t.a.m. takmarkað, en þar er jafnframt mikið ofanflóðahætta. Einnig er farsímasamband á Barðaströndinni verulega takmarkað. Enn fremur er farsímasamband milli Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar, á Dynjandisheiði, óstöðugt.

Vesturbyggð skorar á stjórnvöld að bæta farsímasamband á sunnanverðum Vestfjörðum sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Þórdís Sif Sigurðardóttir



Þórdís Sif Sigurðardóttir

Bæjarstjóri

Vesturbyggð | Aðalstræti 75 | 450 Patreksfirði | www.vesturbyggd.is